

## 2. skólaráðsfundur 19. nóv. 2024

Haldinn í kaffistofu Gamla skóla og hófst kl. 16. 15.

Mættir: Daði Sigfússon fulltrúi foreldrafélags leikskóladeildar, Elva Ásgeirsdóttir fulltrúi starfsmanna grunnskólans, Guðmundur Óskar Eggertsson og Aron Elvarsson fulltrúar nemenda, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir fulltrúi foreldrafélags grunnskóladeildar, Raket Snorradóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar, Þórunn Hrund Óladóttir skólastjóri. Unnur Óskarsdóttir fulltrúi kennara grunnskóladeildar boðaði forföll.

1. Legó keppnin. Legó keppnin var haldin um helgina og setti veðrið smá strik í reikninginn þar sem planið var að fljúga til Reykjavíkur og til baka. Þar sem flugið til Reykjavíkur var fellt niður vegna veðurs þurfti að grípa til annarra ráðstafana og var því leigð rúta og keyrt til Reykjavíkur. Liðið stóð sig mjög vel í keppninni og varð m.a. í 3. sæti um besta rannsóknarverkefnið.
2. Dásamlegur desember. Rætt hvað verður á döfinni í desember í skólastarfinu. Lagt er upp með að hafa desember lágstemmdan en samt líka að hafa uppbot í skólastarfinu. Bæði í leik- og grunnskóla eru jóladagatöl þar sem eitthvað sérstakt er gert á hverjum degi. Þar má nefna hluti á borð við jólalestur, jólasöng, samveru í útikennslustofunni og jólastöðvar.
3. Myrkraball. Farið yfir skipulag og hvernig gekk á myrkraballinu sem var haldið 2. nóvember. Nemendaráði fannst ballið ganga mjög vel en það hefði mátt vera betri mæting á unglingastigi. Þetta er mikil vinna og álagsdagur á nemendaráð en þeim finnst þetta frekar fínt skipulag og hafa gaman af vinnunni. Mið- og unglingaballið var í styttra lagi þannig að það var haldið áfram framyfir auglýstan tíma því það var svo gaman og mikið af leikjum.
4. Útikennslustofa. Hanna Christel segir frá því að foreldrafélagð sótti um styrki og fékk til að vinna að uppbyggingu útikennslustofunnar. Komnar eru hugmyndir um útfærslu á svæðinu, t.a.m. hugmynd að skýli og að stofan verði opin fyrir alla nokkurs konar samfélagsstofa. Þetta verkefni er í vinnslu en framkvæmdir eru fyrirhugaðar í vor þegar veður leyfir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17. 10

Fundargerð ritaði Þórunn Hrund Óladóttir

